

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0048
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við endurbyggingu Klofningsvegjar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 26. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á endurbyggingu 8,7 km kafla á Klofningsvegi í Dalabyggð eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um framkvæmdina og telur framkvæmdina ekki vera þess eðlis að þörf sé á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum enda fyrst og fremst um endurbyggingu að ræða en ekki breytingu á veglínu. Umfjöllun um helstu umhverfisáhrif er sömuleiðis ítarleg í greinargerð Vegagerðarinnar.

Sá framkvæmdaþáttur sem veldur mestum áhrifum er efnistaka vegna skeringa meðfram núverandi veglínu og efnistöku úr námum. Skeringarnar munu valda raski á gróðurlendi, sums staðar lítt snortnu m.a. votlendi að hluta sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Æskilegt væri að skilgreina mótvægisáðgerðir svo sem endurheimt votlendis til að vegja upp það votlendi sem raskast. Þá er brýnt að forðast allt óþarfa rask á framkvæmdatíma og setja um það skýrar verklagsreglur.

Efnistaka úr námum er nauðsynleg þar sem efniviður úr skeringum mun ekki vera fullnægjandi. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvernig efnistakan mun fara fram en vinna þarf úr nýjum námum og er horft til áreyra Laxár og Hvammsár. Jákvætt er að horft verði til ráðgjafar og rannsókna Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar til að skilgreina námusvæðin. Ef ráðgjöfin bendir til þess að svæðin henti illa er mikilvægt að huga að varaleiðum og þá ætti alltaf fyrst að horfa til efnistökusvæða sem eru þegar í notkun. Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að áreyrar geta einnig verið mikilvæg búsvæði fyrir fuglategundir m.a. á varptíma og taka þarf tillit til þess við skipulag efnistökkunnar. Þá ber að bæta rask á gróðri með uppgræðslu eins og við á og gæta þess að framandi ágengum plöntutegundum sé ekki dreift við tilflutning á efni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

